


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		
Tvívíð formfræði og myndbygging (MYL202)		
Kennsluáætlun vorönn (2010)		

Nafn kennara:	Anna María Guðmann	Sk.stöfun:	AMÍ
Sími 8978621	Viðtalstími á mánudögum kl. 12:40-13:15	Netfang	ami@vma.is

Áfangalýsing

Undanfari: MYL 103, MYL112, LIM113, SJL203

Framhald formrænna athugana úr SJL 203. Áfanginn miðar að því að nemendur efli næmi sitt fyrir myndbyggingu á tvívíðum fleti og dýpki skilning sinn á meginatriðum hennar.

Nemendur gera eigin tilraunir með línu, flöt og áferð í tengslum við ljósmyndun, myndlistarverk og auglýsingar. Hægt er að nýta tölvur í vinnu áfangans til myndgreiningar og gagnasöfnunar. Samhliða rannsóknarvinnu eru reglulegar umræður þar sem nemendur kynna niðurstöður sínar og gagnrýna hvern annan á uppbyggilegan hátt.

Áfangamarkmið

Nemandi:

Dýpki skilning sinn á forsendum myndbyggingar.

Sýni markvisst þróunarferli í rannsóknnum sínum.

Sýni að hann hafi gott vald á myndbyggingu.

Geti unnið á persónulegan hátt út frá myndbyggingu.

Geti próað eigin hugmyndir innan þröngra marka myndbyggingar.

Sýni frumleika í skipulagi og útfærslu myndverka sinna.

Geti unnið myndir þannig að gott jafnvægi sé milli einstakra þátta.

Geti gert myndir þannig að þær verði spennandi og fjölbreyttar án þess að missa tökin á öruggri myndbyggingu.

Séu færir um að fjalla um og meta eigin verk og annarra á upplýstan og greinargóðan hátt.

Geti beitt táknfræðilegum rökum við umræðu um mögulega merkingu óhlutbundinna mynda.

Geti metið myndbyggingarlega þætti í myndverkum annarra, t.d. fjölmiðlaefni o.fl.

Mæti í alla tíma og geti unnið sjálfstætt og skipulega.

Námsmat

Próflaus áfangi. Ástundun og símat. Mikilvægt að vinna öll verkefni því gefið er fyrir hvert og eitt. **Skil eru eftir hverja lotu, og dragist að skila á réttum tíma dregst 1 heill frá fyrir hverja viku sem seinkun verður.**

Lota 1 = 30%

Lota 2 = 50%

Lota 3 = 15%

Mæting = 5%


Mætingar

Það er 100% mætingarskylda. Slök mæting kemur niður á árangri og afköstum.

Einungis er gefið svigrúm fyrir 6 fjarvistarstig á önninni fyrir veikindi og þ.h. (3 stig fyrir hverja einingu). **Eftir það telst nemandi hafa sagt sig úr áfanganum.**

Ef þið getið ekki mætt vinsamlega látið mig vita í gegnum tölvupóst eða sms (sjá efst á blaði)

Innkaup

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 2	Tvívíð formfræði og myndbygging (MYL202) Kennsluáætlun vorönn (2010)	

Svartir filtþennar með mismunandi breidd, 0.4, 0.6. Gott að eiga **sveran túss** líka.

Vatnslitapenslar t.d. nr. 2, 5, 8 og 14 og flatann nr. 6, + stærri ef vill. Hægt að nota gervihárspensla (gul hár, ekki svínhárspensla).

Penslatösku (fer betur með penslana – ekki nauðsynlegt). Ath. penslarnir nýtast líka í áföngunum sem koma á eftir formfræðinni.

Plastmöppu A3 með plastumslögum (það er hægt að kaupa hana í skólanum).

Vika	Lota	Verklegur hluti
1		Kynning á markmiðum, kennsluáætlun og áfanganum. Upphitun.
2-6	1	Formfræðin í umhverfinum skoðuð gegnum ramma. Skissur gerðar og myndbyggingin sérstaklega skoðuð. Ath. að horfa á umhverfið eins og þið hafið aldrei séð það áður. Útfært í lit með mismunandi aðferðum. Dagbókarvinna. (Vægi 30 %) Skiladagur: Fimmtudaginn 18. febrúar í fyrsta tíma. (í viku 7)
7-12	2	Formfræðin skoðuð og gerðar skissur út frá því. Unnið óhlutbundið í geometrískum og ljóðrænum formum. Ýmsar reglur myndbyggingar skoðaðar og skissað hratt og mikið. Unnið með blýanti, bleki, túss, o fl. Úrvinnsla í lit með mismunandi miðlum s.s. þekjulitum, vatnslitum, bleki og collage. Dagbókarvinna. (Vægi 50 %) Skiladagur: Fimmtudaginn 8. apríl í fyrsta tíma. (í viku 14 eftir páskafrí)
14-16	3	Vinna með hlutbundna mynd og hún þróuð yfir í óhlutbundna mynd í 4 þrepum og síðan unnin í lit. Dagbókarvinna. (Vægi 15 %)
17	LOK	Frágangur og uppsetning verkefna í möppu og verk hengd upp fyrir foreldra og/eða vinakvöld líklega þann 29. apríl. Lokaskiladagur þann 30.apríl milli kl. 8:15 og 11:20 (í viku 17)

Vika	Námsefni
Ljósrit	Ýmis ljósrit sem tengjast viðfangsefninu hverju sinni.

Athugið

Verkefni nemenda eru geymd án ábyrgðar í 1 ár frá sýnidegi prófa og fargað hafi þau ekki verið sótt að þeim tíma liðnum

**Með fyrirvara um breytingar. Gangi ykkur vel og hafið gaman af.
Amí (Anna María Guðmann)**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils